

Ragna Karlsdóttir lauk fyrri hluta prófi í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands 1971 og Cand. Polyt prófi frá DTH í Kaupmannahöfn 1976. Hún hóf störf á Orkustofnun 1970 sem aðstoðarmaður á jarðhitadeild og hefur frá 1974 starfað sem sérfræðingur á sviði jarðeðlisfræði fyrst á Orkustofnun og síðar á ÍSOR og var um tíma aðstoðardeildarstjóri jarðeðlisfræðideildar.

Framlag Rögnu til jarðhitarannsókna er veigamikið á sviði úrvinnslu og túlkunar á jarðeðlisfræðimælingum, sérstaklega viðnámsmælingum. Hún hóf störf á þeim tíma þegar farið var að nýta heitt vatn í vaxandi mæli til upphitunar húsa og í framhaldinu rannsóknir og boranir í Kröflu og á Nesjavöllum vegna rafmagnsframleiðslu. Samtímis átti sér stað mikil þróun sem beindist að því að finna vænleg jarðhitasvæði og staðsetja borholur sem markvissast. Ungt fólk kom til starfa á Orkustofnun á þessum árum sem vann ötullega að því að þróa aðferðir við mælingar, úrvinnslu og túlkun gagna og jafnframt auka skilning á eðli jarðhitans. Jarðvísindafólk hér á landi og víðar býr enn að þessari vinnu. Ragna hefur komið að ritun fjölda vísindagreina byggðum á rannsóknum og reynslu af greiningu á rafseguláhrifum í jarðskorpunni sem gefa upplýsingar um eðli og mögulegt umfang jarðhitaforðans.

Ragna hefur í starfi sínu unnið að yfirborðsrannsóknum og holustaðsetningu á fjölda holna. Má segja að hún hafi komið að einhverju leyti að túlkun á viðnámsgögnum frá öllum háhitasvæðum landsins sem er mikilvægt við ákvarðanir um nýtingu svæðanna. Sama má segja um mörg lághitasvæði landsins.

Ragna hefur einnig í starfi sínu sinnt kennslu við Jarðhitaskóla Sameinuðu Þjóðanna. Hún sat í varastjórn Jökklarannsóknafélagsins 1977 – 1980 og stjórn Skíðadeildar Ármanns 1978 – 1982.

Ragna sat í stjórn Jarðhitafélagsins 2007 -2011. Á árinu 2016 var hún heiðruð sérstaklega á haustfundi Jarðfræðifélagsins, einnig af WING og Konum í Orkumálum.

Ragna hefur verið í Zontahreyfingunni í yfir 25 ár. Hún var formaður Zontaklúbbsins Emblu í Reykjavík og umdæmisstjóri 13. umdæmis (Danmörk, Noregur, Ísland og Lítháen). Setið í stjórn Zonta International og verið formaður nokkurra nefnda innan Zontahreyfingarinnar. Var ein af stofnendum Alnæmisbarna og sat þar í stjórn. Ragna var jafnframt formaður Kvennakórs Reykjavíkur.

Ragna hefur ávallt verið samstarfsmönnum sínum traustur félagi.